

Dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 2/2002

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Bólusetning gegn influensu

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISMÁLASTOFNUNIN ráðleggur að influensubóluefni á norðurhveli fyrir tímabilið 2002-2003 innihaldi eftirtalda stofna (WHO Weekly Epidemiological Record 2002; 77: 62-6):

- A/Nýju Caledoniu/20/99 (H1N1) - lík veira
- A/Moskvu/10/99 (H3N2) - lík veira*
- B/Hong Kong/330/2001 - lík veira

* A/Panama/2007/99 stofn sem oft er notaður er A/Moskvu/10/99 - lík veira

Hverja á að bólusetja?

Alla einstaklinga eldri en 60 ára.

Öll börn og fullorðna sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.

Starfsfólk heilbrigðisþjónustu og aðra þá sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Hvatt er til þess að bólusetningar gegn influensu hefjist sem fyrst og verði lokið að mestu fyrir byrjun nóvember. Þetta er gert til að auðvelda bólusetningarátak gegn meningókokkasjúkdómi C sem hefst í október og nóvember á þessu ári.

Frábendingar

Ofnæmi gegn eggjum, formalíni eða kvikasilfri. Bráðir smitsjúkdómar.

Bólusetning gegn pneumókokkasýkingum

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum á 10 ára fresti fyrir alla þá sem eru eldri en 60 ára og á fimm ára fresti fyrir þá sem eru í sérstökum áhættuhópum.